



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Lönguhlíð***

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 19. október sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Lagt er til að ráðist verði í almennar endurbætur á sunnanverðri Lönguhlíð og hlutverk hennar þannig styrkt sem borgargötu í miðju Hlíðahverfis. Gróður við götuna verði aukinn og hjóltreiddabrautir lagfærðar og endurbættar. Æskilegt er að brautirnar verði samfelldar alla leið, tengingar bættar við sinn hvorn enda þeirra og aðkoma lagfærð að Eskitorgi, Miklubraut sem og að biðstöðvum strætisvagna í götunni. Merkja þarf hjólabrautirnar með skýrum og áberandi hætti en núverandi merkingar eru fáar og flestar þeirra máðar. Að minnsta kosti þyrfti að setja upp varúðarmerki þar sem hjólabrautirnar enda án fyrirvara og renna saman við akbrautina.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 26. október sl.

Umsögn:

Vinna við forgangsroðun borgargatna er á lokametrunum en borgargötur njóta forgangs þegar kemur að endurhönnun og fegrun gatna. Gert er ráð fyrir að vinnu við endurhönnun borgargatna verði forgangsraðað með tilliti ýmissa þátta t.a.m. aðstæðna fyrir óvarða vegfarendur, umferðaröryggis, ástands yfirborðs/göturýmis og uppbyggingaráætlun ar Borgarlínu. Langahlíð er ein borgargatna og er áætlunin sú að vinna við hjólastíga í Lönguhlíð fari fram samhliða endurhönnun götunnar. Það er mat skrifstofunnar að ekki sé þörf á því taka sérstaka ákvörðun um endurbætur á Lönguhlíð umfram aðrar borgargötur.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*starfandi samgöngustjóri*